



Bréf sent prestum, djáknum, organistum,
sóknarnefndum og útfararstjórum

Reykjavík 31. ágúst 2021

Ágæta samverkafólk.

Breytingar á reglum um samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs tóku gildi 28. ágúst sl. og gilda til 17. september nk. Reglugerð ráðherra má nálgast hér: <https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b22581c3-105c-4698-8262-2c44a3046799>

Í hinum nýju reglum gætir áherslubreytinga og ná reglurnar til landsins alls og er almenna reglan um fjöldatakmörkun áfram **200 manns. 1 metra nálægðarmörk** milli einstaklinga sem ekki eru í nánnum tengslum er ekki lengur í gildi, en **grímuskylda** er í gildi þar sem nánd óskyldra er innan við 1 m. **Skráning þátttakenda** á allar athafnir og viðburði er í gildi, þar sem skrá þarf **nafn, kennitölu og símanúmer**. Skráningarblöðin skal varðveita í tvær vikur og afhenda sóttvarnarlækni, sé eftir því leitað, en farga að þeim tíma liðnum. Ákvæði um fjöldatakmörkun og nálægðartakmörkun taka ekki til barna sem fædd eru 2016 og síðar. Grímuskylda á ekki við börn sem fædd eru 2006 og síðar. Í ljósi þessara breytinga er á ný **heimilt að útdeila altarissakramentinu**, því reglur um 1 metra nálægðartakmörkun hefur í raun verið afnumin.

Ennfremur segir í nýju reglunum:

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að hafa allt að 500 manns í rými á viðburðum, enda séu öll eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- 1. Allir gestir framvísi neikvæðri niðurstöðu úr hraðprófi (antigen) sem má ekki vera eldra en 48 klst.*
- 2. Allir gestir séu sitjandi og ekki andspænis hver öðrum.*
- 3. Allir gestir séu skráðir með nafni, kennitölu og símanúmeri. Skrána skal varðveita í tvær vikur og henni eytt að þeim tíma liðnum.*
- 4. Allir gestir noti andlitsgrímu.*

Ekki tel ég að reyni á þessi nýju atriði í þjónustu kirkjunnar, en ef svo er, vek ég athygli á þessum nýjungum í reglugerð ráðherra.

Ég ítreka fyrri brýningu til okkar allra að við gætum að hinum persónulegu sóttvörnum og vil í því sambandi nefna eftirfarandi atriði:

- Sprittbrúsar skulu vera aðgengilegir við inn- og útganga, sem og á salernisaðstöðu.
- Við komu til kirkju svo og við brottför úr kirkju skulu kirkjuverðir og annað starfsfólk tryggja eftir fremsta megni að hópamyndanir verði ekki í anddyri eða fyrir utan kirkjuna.
- Handabönd eða annars konar líkamleg snerting skal ekki viðhöfð.
- Alltaf skal lofta vel út og sótthreinsa alla snertifleti milli athafna.
- Allt starfsfólki er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.

Ég þakka ykkur öllum fyrir ykkar dyggu og dýrmætu þjónustu og hvet ykkur enn til dáða í okkar mikilvægu verkefnum nú þegar hauststarfið er að hefjast.

Megi við öll vera farvegur bænar og lofgjörðar í þjónustu okkar í kirkju Krists á Íslandi.

Ég lofa land og haf
það líf sem Guð mér gaf,
í vorsins yl og vetrarins byl
ég lofa land og haf.

(Sálmur 852, vers 3: Eygló Eyjólfsdóttir)

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.